

Viðurkenndur er sjóveðréttur í vélskipinu Voninni, KE 2, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. marz 1971.

Nr. 189/1970. **Ólafur Gunnarsson**

(Sigurður Gizurarson hdl.)

gegn

Íslenzka Álfélaginu h/f

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Gaukur Jörundsson.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1970. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1.121.000.00, en kröfu sína sundurliðar hann svo:

„1) Krafa um verkstjóraalaun fyrir tímabilið frá 1. sept. 1967 til 1. janúar 1969. Krafan miðast við ógreidd laun fyrir tímabilið, kr. 12.000.00 fyrir hvern mánuð, eða alls kr. 336.000.00.

Vextir falli á fyrstu 12.000 krónurnar frá og með 1. okt. 1967. Síðan hækki fjárhæðin um kr. 12.000.00 fyrsta hvers mánaðar til loka tímabilsins og falli ávallt á 8% vextir.

2) Krafa um verkstjóraalaun frá 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970, kr. 9.000.00 á mánuði, eða alls kr. 135.000.00.

Vextir falli á fyrstu 9.000.00 hinn 1. febrúar 1969 og síðan

hækki fjárhæðin um kr. 9.000.00 fyrsta hvers mánaðar allt tímabilið með áfallandi 8% ársvöxtum til greiðsludags.

3) Fébótakrafa fyrir röskun á stöðu og högum að fjárhæð kr. 300.000.00 með áfallandi 8% ársvöxtum frá og með 1. sept. 1967.

4) Fébótakrafa fyrir mannorðsspjöll, þjáningar og annan miska að fjárhæð kr. 350.000.00 með áfallandi 8% ársvöxtum frá og með 1. sept. 1967“.

Þá krefst hann einnig málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en áfrýjanda, sem hafði gjafsókn í héraði, var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 7. desember 1970.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjanda dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, og áfrýjandi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu.

Málsatvikum er nægjanlega lýst í héraðsdómi.

Um 1., 3. og 4. kröfulið: Fallast má á rök héraðsdóms um sýknu af þessum kröfuliðum.

Um 2. kröfulið: Eins og málsatvikum er háttað, þykir áfrýjandi eiga rétt á verkstjórالاunum til loka starfstíma síns hjá stefnda, 31. marz 1970, en stefndi sagði honum upp starfi 31. desember 1969.

Samkvæmt skýrslu stefnda, sem eigi hefur verið hnekkt, nam mismunur á launum áfrýjanda og verkstjórالاunum frá 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970 kr. 40.128.00. Verður því stefnda dæmt að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1970 til greiðsludags.

Rétt er, að stefndi greiði málskostnað í héraði, kr. 8.000.00, er renni í ríkissjóð, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans í héraði og hér fyrir dómi, er ákveðast samtals kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzka Álfélagið h/f, greiði áfrýjanda, Ólafi Gunnarssyni, kr. 40.128.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1970 til greiðsludags.

Stefndi greiði málskostnað í héraði, kr. 8.000.00, er renni í ríkissjóð, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Gizurarsonar héraðsdómslögmanns, samtals kr. 40.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 29. september 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 21. fyrra mánaðar, hefur Ólafur Gunnarsson, Hávegi 11 A, Kópavogi, höfðað með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dómi á bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 24. febrúar 1970, þar sem mætt var af hálfu stefnda, Íslenzka Álfélagsins h/f, Hafnarfirði, og fyrirtaka málsins án stefnubirtingar og stefnufrests samþykkt.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert með dómi að greiða honum fébætur, samtals að fjárhæð kr. 1.121.000.00 ásamt 8% ársvöxtum til greiðsludags, er teljist falla á, svo sem greinir í sundurliðun kröfugerðar hans, en hún er svofelld:

1. Launakrafa fyrir tímabilið frá 1. september 1967 til 1. janúar 1969, kr. 12.000.00 fyrir hvern mánuð á þessu tímabili, eða alls kr. 336.000.00, vextir falli á fyrstu kr. 12.000.00 frá og með 1. október 1967. Síðan hækki fjárhæðin um kr. 12.000.00 fyrsta hvers mánaðar til loka tímabilsins og falli ávallt á 8% vextir.

2. Launakrafa fyrir tímabilið frá 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970, kr. 9.000.00 á mánuði, eða alls kr. 135.000.00, vextir falli á fyrstu kr. 9.000.00 hinn 1. febrúar 1969 og síðan hækki fjárhæðin um kr. 9.000.00 fyrsta hvers mánaðar allt tímabilið með áfallandi 8% ársvöxtum til greiðsludags.

3. Fébótakrafa fyrir röskun á stöðu og högum að fjárhæð kr. 300.000.00 með áfallandi 8% ársvöxtum frá og með 1. september 1967.

4. Fébótakrafa fyrir mannorðsspjöll, þjáningar og annan miska að fjárhæð kr. 350.000.00 með áfallandi 8% ársvöxtum frá og með 1. september 1967.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra hinn 8. júlí 1970.

Réttarkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans eftir mati réttarins, en til vara, að stefnukröfur verði stórllega lækkaðar, þar á meðal vextir, bæði að því er lýtur að vaxtaþrósentu og vaxtatíma.

Málavextir.

Síðari hluta maímánaðar 1967 birtust í dagblöðum í Reykjavík auglýsingar frá stefnda, Íslenska Álfélaginu h/f, um lausar stöður við álverið í Straumsvík, m. a. svohljóðandi auglýsing:

„Lausar stöður við álverið í Straumsvík. Vaktformenn.

Vaktformenn fyrir þrískiptar vaktir og verkstjórar við álvinnslu og álsteypu. Reynsla í verkstjórn og nokkur ensku- og eða þýzkukunnátta æskileg. Ráðning verður frá 1. september 1967, og starfið hefst með 6 mánaða námskeiði og síðan starfsþjálfun í 7—10 mánuði, hvorttveggja erlendis. Skriflegar umsóknir með upplýsingum um hæfni og fyrri störf sendist í pósthólf 244, Hafnarfirði, fyrir 15. júní.

Íslenska Álfélagið h.f.“.

Stefndi telur umsækjendur um stöður þær, sem greindar eru í auglýsingu þessari, hafa verið yfir fjórutíu talsins og hafi þeir verið boðaðir til viðtals á skrifstofu stefnda í Hafnarfirði. Þar hafi umsækjendum verið skýrt frá þeim launakjörum, sem í boði voru, og ýmsum atriðum varðandi ráðningu þeirra og fyrirhugaða þjálfun og spurningum umsækjanda varðandi starfið svarað. Um launakjör þau, er boðin voru, segir stefndi:

„Tekin voru laun verkamanna eftir 7. flokki Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sem þá voru kr. 53.69 á klst. Ofan á það var bætt álagi vegna óhreininda og vaktavinnu svo og 30% verkstjóraálagi. Fægust þannig kr. 94.22 á klst., og samsvarar það kr. 216.000.00 árslaunum.

Eins og tekið var fram í auglýsingunni, var gert ráð fyrir, að

í upphafi væri um skriflega og bóklega þjálfun að ræða og síðan starfsþjálfun í 7—10 mánuði. Enda þótt ekki væri unnið á vöktum frá upphafi, voru launin látin óbreytt standa fyrir tímabilið, unz vaktir hófust. Þess má geta, að laun þessi eru þannig reiknuð miklum mun hærri en þau laun, sem á þeim tíma hafði verið samið um milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkstjóra-sambands Íslands, en þar var miðað við, að lágmarksvikukaupið sé ákveðið ekki hærra en 30% yfir meðaltal 6 lægstu vikukaups-taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, eins og þau eru á hverjum tíma“.

Stefnandi var í hópi umsækjenda um stöður þær, er í framan-greindri auglýsingu greinir. Hann var ekki í hópi þeirra, er ráðnir voru í upphafi, en eftir að nokkrir hinna upphaflegu umsækj-enda höfðu dregið umsóknir sínar til baka, var stefnandi ráðinn. Hljóðar bréf, er stefndi ritar honum hinn 16. ágúst 1967, svo:

„Með tilvísun til umsóknar yðar og fyrri viðtala erum vér reiðubúnir að ráða yður til starfa sem verkstjóra við Álverk-smiðjuna í Straumsvík, svo framarlega sem læknisskoðun reynist vera jákvæð.

Ráðningartíminn er frá 1. september 1967, en farið verður frá Íslandi 9. september n. k., og hefst starf yðar í Steg, Sviss-landi. Erud þér til reynslu fyrstu tvo mánuðina, og getur starf-inu lokið í októberlok með tveggja vikna fyrirvara. Ef samkomu-lag verður um áframhaldandi starf, eruð þér fastráðinn frá 1. nóvember 1967, og er þá þriggja mánaða uppsagnarfrestur af beggja hálfu. Að lokinni fjögurra mánaða viðbótarþjálfun í Steg, munuð þér starfa í 6—8 mánuði í einhverri af verksmiðjum Alusuisse, en að því loknu farið þér heim til Íslands.

Þetta tímabil verða mánaðarlaun yðar sem hér segir:

Greitt á Íslandi kr. 12.000.00 og greitt í Sviss SFr. 600.00, sem jafngilda kr. 6.000.00.

Eftir heimkomu yðar gerum vér ráð fyrir, að árslaun yðar verði ca. kr. 235.000.00. Nánari skilgreining á launum yðar verður í sérstökum samningi, er ÍSAL gerir við yður við heimkomu.

Á meðan á þjálfun yðar stendur, mun fjölskylda yðar dvelja á Íslandi, en vér munum veita yður tvisvar tækifæri til að heimsækja fjölskyldu yðar, í fyrra skiptið um næstu jól.

Ef þér hefjið starf hjá oss, þá skuldbindið þér yður til þess að vernda hagsmuni vora á allan hátt, sérstaklega að halda leyndri allri sérþekkingu og reynslu, sem þér öðlist í starfi yðar.

Vér biðjum yður að undirrita og senda oss meðfylgjandi afrit þessa bréfs sem samþykki yðar á framanskráðu.

Vér væntum góðs samstarfs við yður og kveðjum yður“.

Hinn 24. ágúst ritar svo stefndi stefnanda bréf, þar sem því er lýst yfir, að þar sem lækni skoðun hafi reynt fullnægjandi, sé hann ráðinn til Íslenzka Álfélagsins, og er jafnframt vitnað til fyrra bréfs.

Stefnandi fór svo ásamt öðrum þeim, er ráðnir höfðu verið til umræddra starfa, til Sviss í fyrri hluta septembermánaðar 1967 og dvaldist þar við þjálfun og nám til 20. desember 1968.

Nokkru áður en stefnandi hélt aftur heim til Íslands, var honum skýrt frá því með bréfi, og að stefnandi telur einnig í viðtali, að þar sem að ráði hefði orðið, að unnið yrði á tveim vöktum í álverksmiðjunni í Straumsvík, þá væri ákveðið, að tveir vaktstjórar, stefnandi og annar nafngreindur aðili, færu til annarra starfa hjá stefnda, að því er virðist vegna þess, að með þessari skipun á vöktum væri ekki þörf fyrir eins marga verkstjóra. Því er haldið fram af stefnda hálfu, að stefnandi hafi ekki mótmælt þessari breytingu.

Það er upplýst af aðiljum, að orðið vaktstjóri sé notað í sömu merkingu og verkstjóri.

Stefnandi hóf svo störf hjá stefnda sem gæðaeftirlitsmaður eftir heimkomuna.

Telur stefnandi, að brátt hafi komið í ljós, að laun hans hafi orðið nokkru lægri en féлага hans, er við verkstjórn fengust. Stefndi hefur lagt fram samanburðarútreikning á launum stefnanda og launum vaktstjóra. Samkvæmt þeim samanburði hefur stefnandi fyrir venjulegan vinnutíma fengið kr. 340.924.00 í laun fyrir tímabilið 1. janúar 1969—31. marz 1970, en vaktstjóra-laun fyrir sama tímabil eru talin hafa numið kr. 381.052.00, eða kr. 40.128.00 hærri fjárhæð. Stefndi tekur eftirfarandi fram varðandi launasamanburðinn:

„Ólafur gegndi störfum vaktstjóra á þrískiptum vöktum frá 17. 5.—31. 5. 1969. Einnig gegndi hann störfum fyrir Róbert Ö. Alfreðsson sem vaktstjóri á tvískiptum vöktum frá 27. 6.—21. 7. 1969. Fyrir þessi störf fékk Ólafur aukagreiðslur vegna vaktstjóraálags samtals að upphæð kr. 1.624.00. Hvorki þessar greiðslur né greiðslur fyrir yfirvinnu eru innifaldar í ofangreindum tölum“.

Í greinargerð stefnanda segir svo:

„Hér skal og á það lögð áherzla, að á plagginu á dskj. nr. 7,

þar sem Ólafi var tilkynnt um, að hann yrði settur til annarra starfa í Straumsvík, er ekkert minnzt á, að Ólafur muni njóta lakari launakjara vegna þessarar ráðstöfunar. Það varð honum ekki ljóst, fyrr en hann fékk laun sín greidd og frétti af hærri launum þeirra, sem störfuðu sem verkstjórar, einkum eftir hinn 1. júlí 1969. Var því ekki um það að ræða, að Ólafur hefði sýnt tómlæti um að hafa uppi kröfur sínar um sömu laun og aðrir verkstjórar í álverksmiðjunni í Straumsvík. Ólafur kunni á allan hátt vel við starf sitt sem gæðaeftirlitsmaður í verksmiðjunni, en hann sætti sig ekki við, að félagar hans, sem lokið höfðu nákvæmlega sömu þjálfun og námi í Sviss, hlytu langtum hærri laun“.

Stefandi telur sig fljótlega hafa borið fram umkvartanir við stefnda.

Hinn 23. september 1969 ritar hann stefnda bréf, þar sem hann kvartar yfir því að hafa ekki fengið þá stöðu og laun, sem upphaflegir samningar hafi staðið til, og fer fram á, að stefndi kveði nánar á um stöðu sína og kjör í samræmi við upprunalega samninga. Þessar kröfur ítrekar stefnandi svo í bréfi, dags. 26. nóvember 1969, sem stefndi svarar sama dag með svofelldu bréfi:

„Með bréfum vorum frá 16. ágúst og 24. ágúst 1967 voruð þér ráðinn sem verkstjóri við Áliðjuverið í Straumsvík, og var ráðningartími frá 1. september 1967.

Þann 24. október 1968 var yður tilkynnt munnlega, að fleiri menn hefðu verið ráðnir sem verkstjórar heldur en stöður væru fyrir, en jafnframt gefinn kostur á að fá starf við gæðaeftirlit. Lýstuð þér yður samþykkan því, en að öðrum kosti hefði orðið um uppsögn að ræða. Var þetta staðfest skriflega með tilkynningu frá 5. nóvember 1968. Starf þetta fellur undir samninga um kaup og kjör starfsmanna við Áliðjuverið í Straumsvík, dagsetta 10. júní 1969, og hefur samkvæmt starfsmati verið skipað í 10. launaflokk.

Með bréfi yðar frá 23. september 1969 farið þér þess á leit, að ráðning yðar sem verkstjóra verði staðfest. Eins og ljóst er af ofangreindu, getur ÍSAL ekki orðið við þessari beiðni, en biður yður að undirrita afrit bréfs þessa sem samþykki á, að þér séuð reiðubúinn að gegna núverandi störfum áfram, og skila því fyrir 30. nóvember næstkomandi“.

Enn ritar svo stefnandi stefnda bréf hinn 29. nóvember, þar sem hann mótmælir því, að honum hafi haustið 1968 verið tilkynnt um breytingu á fyrirhuguðu starfi hans eða launakjörum,

og einnig því, að hann hafi samþykkt slíka breytingu. Jafnframt ítrekar stefnandi í bréfinu kröfur sínar um verkstjóralaun frá upphafi.

Hinn 22. desember 1969 tilkynnir stefndi stefnanda um, að ákveðið hafi verið að veita honum nokkra launaleiðréttingu, þó ekki launakjör verkstjóra.

Með bréfi, dags. 1. janúar 1970, er stefnanda svo sagt upp starfi frá og með 1. apríl 1970, og lét hann af störfum í samræmi við þá uppsögn.

Eins og áður greinir, skiptast kröfur stefnanda í fjóra aðalþætti. Verður nú fjallað um sundurliðun hvers þáttar fyrir sig:

1. Launakrafa fyrir tímabilið frá 1. september 1967 til 1. janúar 1969, kr. 12.000.00 á mánuði, samtals kr. 336.000.00 auk vaxta.

Fjárhæð kröfunnar undir þessum lið er svo skýrð af stefnanda hálfu:

„Fyrir tímann frá 1. sept. 1967 til 1. jan. 1969 telst Ólafur þegar hafa fengið kr. 12.000.00. Á hann því kröfu til efndabóta, er nema kr. 21.000.00 á mánuði, eða fyrir alla mánuðina 16 alls kr. 336.000.00.

Kröfur um efndabætur miða að því að gera Ólaf eins settan og ef ráðningarsamningurinn hefði verið réttilega efndur af hálfu Álfélagsins. Ólafur sætti sig við aðeins 18.000.00 króna mánaðarlaun, á meðan á dvölinni í Sviss stóð, í þeirri trú, að hann yrði ráðinn verkstjóri í álverksmiðjunni í Straumsvík. Af þessum kr. 18.000.00 tók Ísl. Álfélagið kr. 6.000.00 til að greiða upphald hans í Sviss. Fjölskylda Ólafs hér heima fékk því aðeins kr. 12.000.00. Kr. 6.000.00 jafngiltu þá Sv. Fr. 600.00, sem greiddir voru Íslendingunum, á meðan þeir voru erlendis. Eftir að þjálfun hófst í Steg í Sviss hinn 19. marz 1968, fengu Íslendingarnir að auki Sv. Fr. 480.00. Til samanburðar má geta þess, að algeng verkamannalaun í verksmiðjum í Sviss eru um Sv. Fr. 1.000.00 á mánuði. Styrkir, sem svissneska ríkið veitir erlendum stúdentum til náms í Sviss, nema um Sv. Fr. 700.00 á mánuði, en að auki koma alls kyns hlunnindi í fæði og húsnæði.

Ólafur sætti sig við þessi laun í þeirri trú, að þau væru aðeins miðuð við námstímamann, en síðan mundi hann fá verkstjóralaun, þegar heim kæmi. Fjölskylda hans heima gat vitaskuld ekki lifað á kr. 12.000.00, en honum og fjölskyldu hans fannst mikið á sig leggjandi til að bæta lífskjörin langt inn í framtíðina.

Hinn 1. júlí 1969 hófst vaktavinna hjá verkstjórum í álverk-

smiðjunni í Straumsvík, eins og ráð var fyrir gert. Ólafur hefur einnig unnið vaktavinnu eftir þann dag. Meðallaun Ólafs síðustu 6 mánuði ársins 1969 voru um kr. 23.655.00, en meðallaun verkstjóra voru um kr. 33.159.00. Engin ástæða er til að ætla, að laun verkstjóranna muni lækka í framtíðinni.

Til þess að Ólafur geti að nokkru orðið eins settur og ef Ísl. Álfélagið hefði staðið við samning sinn við Ólaf, verður hann að krefjast fullra verkstjórallauna fyrir allt ráðningartímabil sitt frá 1. september 1967 til 1. apríl 1970, og hér lagt til grundvallar kr. 33.000.00. Er þá reiknað með, að greiðslur þær, sem Ólafur fékk í Sviss, hafi nægt honum til upphalds, en alls ekki meira“.

2. Launakrafa fyrir tímabilið 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970, kr. 9.000.00 á mánuði, samtals kr. 135.000.00 auk vaxta.

Þessi liður er svo skýrður af stefnanda hálfu:

„Fyrir tímabil frá 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970 er lagt til grundvallar, að Ólafur hafi haft að meðaltali mánaðarlaun, er nema kr. 24.000.00. Til þess að hann hafi verkstjórallaun, vantar því kr. 9.000.00 á mánuði. Fyrir alla 15 mánuðina er því krafa hans alls kr. 135.000.00“.

Eins og áður er rakið, hefur stefndi lagt fram í málinu sundurliðaðan samanburðarútreikning á launum stefnanda og launum verkstjóra í álverksmiðjunni.

Samkvæmt þeim samanburði voru laun stefnanda kr. 40.128.00 lægri en vaktstjórallaun á umræddu tímabili. Stefndi hefur mót-mælt þeim útreikningi sem röngum, en engar frekari tilraunir gert til að hnekkja honum tölulega eða rökstyðja nánar útreikning kröfufjárhæðarinnar undir þessum lið að öðru leyti en því, að hann hefur lagt fram launaseðla stefnanda, en þó aðeins fyrir árið 1969, og launaseðla Róberts Alfreðssonar verkstjóra fyrir sama tímabil án þess þó að vinna neitt úr þessum gögnum.

3. Fébótakrafa fyrir röskun á stöðu og högum að fjárhæð kr. 300.000.00 auk vaxta frá 1. september 1967.

Þennan kröfuflið reifar stefndi svo:

„Fébótakrafa Ólafs fyrir röskun á stöðu og högum hljóðar upp á kr. 300.000.00.

Staða og hagir hr. Ólafs Gunnarssonar röskuðust stórkostlega af völdum samningsgerðarinnar við Ísl. Álfélagið haustið 1967.

Ólafur sagði upp góðri stöðu, sem hann hafði sem sendiferðabifreiðarstjóri hjá Sendibílastöðinni h.f., Borgartúni 21, Reykjavík. Hann átti sinn eigin sendibíl, Y 1061, og hafði eignast góðan og tryggan hóp viðskiptavina.

Með samningnum við Ísl. Álfélagið haustið 1967 skuldbatt Ólafur sig til að fara til náms og þjálfunar í verkstjórn í Sviss. Sú fjárhæð, sem greidd var hér á landi, kr. 12.000.00, á meðan á dvölinni í Sviss stóð, hrökk engan veginn fjölskyldu hans til framfærslu. Ólafur varð því að finna ráð til að sjá fjölskyldu sinni farborða þann tíma, sem hann dvaldi fjarri heimili sínu. Hann sá sig neyddan til að selja sendiferðabifreiðina Y 1061. Svo slysalega vildi samt til, að bifreiðasali sá, sem bauðst til að selja bifreiðina fyrir kr. 120.000.00, skipti á henni og annarri auðseljanlegri að hans áliti og seldi svo þá bifreið, sem í staðinn kom, gjaldþrota fyrirtæki, er hann sjálfur var nýlega orðinn eigandi að. Fékk Ólafur aldrei eyri fyrir bifreið sína frá þessu gjaldþrota fyrirtæki, Sokkabúðinni h.f., en af þessu spratt fjársvikamál á hendur bifreiðasalanum, Guðna Þór Nicolaissyni. Saksóknari taldi þó ekki nægar sönnur leiddar að sviksamlegum tilgangi Guðna, og var opinbert mál því ekki höfðað. Fyrirsjáanlegt er, að bifreiðin er Ólafi algerlega töpuð. Afleiðingin af þessu var svo, að fjölskylda Ólafs hálfsvalt þann tíma, sem Ólafur dvaldist í Sviss. Viðskiptavinir sína missti Ólafur að sjálfsögðu, og hann er þess ekki megnugur að afla sér nýs atvinnutækis til starfs við sendibílastöð án þess að fá verulegar bætur fyrir röskun á stöðu og högum. Er þar á að líta núverandi verð á sendibifreiðum“.

4. Fébótakrafa fyrir mannorðsspjöll, þjáningar og annan miska, kr. 350.000.00 auk vaxta frá 1. september 1967.

Þessi liður er svo reifaður af stefnanda:

„Hr. Ólafur Gunnarsson verður óumflýjanlega fyrir miklum mannorðsspjöllum vegna þess, að hann fékk enga verkstjórastöðu í álverksmiðjunni í Straumsvík. Sá orðrómur kann auðveldlega að komast á kreik, að hann hafi ekki verið hæfur, enda þótt forráðamenn Ísl. Álfélagsins rökstyðji ráðstafanir sínar með því, að ekki hafi verið þörf fyrir verkstjóra. Mannorð Ólafs er og í mikilli hættu vegna uppsagnarinnar hjá Ísl. Álfélaginu. Afleiðingar þessar geta m. a. orðið, að hann muni eiga erfitt með að fá aðra vinnu nú, eftir að hann verður að hverfa frá starfi í álverksmiðjunni. Er þar m. a. á það að líta, að allmikið atvinnuleysi er við að etja í íslenzku þjóðfélagi um þessar mundir. Af þessu leiðir vitaskuld sárar þjáningar Ólafs og fjölskyldu hans. Allar vonir, sem hann og fjölskylda hans batt við hið nýja verkstjórastarf, hafa brostið. Í þeirra stað er komin gremja vegna loforða, sem ekki voru haldin, og samanburður við starfs-

félaga, sem ekki hafa orðið fyrir slíkum skakkaföllum. Jafnframt horfir Ólafur og fjölskylda hans fram til óöruggrar afkomu á næstu misserum. Með hliðsjón af öllu þessu og því, hversu dýrmætt mannorðið er hverjum einstaklingi, sem leyst hefur öll störf sín af einstakri samvirkusemi og staðið við allar samningsskuldbindingar sínar, gerir Ólafur kröfu til fébóta með stoð í 264. gr. laga nr. 19/1940, er nemur kr. 350.000.00“.

Af stefnanda hálfu er lögð áherzla á, að málssókn hans sé grundvölluð á mörgum samvirkum málsástæðum. Verða nú þær helztu raktar, eins og stefnandi dregur þær saman, og verður jafnframt málavöxtum í nokkrum atriðum nánar lýst:

„1) Í fyrsta lagi styður umbjóðandi minn kröfur sínar við samningana frá 16. og 24. ágúst og ótvírætt orðalag þeirra. Þar var hann ráðinn verkstjóri frá og með 1. sept. 1967. Ákvæði samninganna verða ekki skýrð á annan hátt. Ákvæðin voru algerlega samín af ÍSAL, og er það skýringarregla að skýra slíka samninga strangt gagnvart þeim, sem samdi þá. Er jafnvel gengið svo langt, að dómstólar telja samningsskilmála, sem risafyrirtæki orða í einu og öllu án þess að taka tillit til viðsemjanda, ekkert lagagildi hafa að því leyti, sem lagðar eru byrðar á lítilsmegandi viðsemjanda, sem engu ræður um orðalag samnings.

2) Í öðru lagi styður hann kröfur sínar við þá staðreynd, að hann fékk aldrei kjör verkstjóra, þótt hann væri ráðinn sem verkstjóri. Sá, sem er ráðinn sem verkstjóri, á rétt á launum sem verkstjóri.

3) Í þriðja lagi voru það einmitt hin góðu launakjör, sem boðin voru við samningaviðræður, sem voru ein helzta ákvörðunarástæða þess, að umbjóðandi minn afréð að leggja út í langt nám og þjálfun í fjarlægu landi.

4) Í fjórða lagi styður hann kröfur sínar við þá málsástæðu, að hann var raunverulega með gylliboðum um verkstjórastarf narraður til að leggja út í langt og strangt nám í fjarlægu landi. Hefði verið brotinn réttur á honum með því að fá hann þannig til að fara til náms í Japan eða Alaska? Ef svo er, þá var einnig brotinn réttur á umbjóðanda mínum með því að narra hann til Sviss, þar sem hann varð fjarri fjölskyldu sinni og ástvinum að dveljast við strangt nám og vinnu í um 16 mánuði.

5) Í fimmta lagi var hann og félagar hans beittir misneytingu, á meðan á dvöl þeirra stóð í Sviss. Á þá voru lagðar meiri vinnuskyldur en samningar stóðu til og hafðar uppi hótanir, ef þeir hlýddu ekki“.

Lagt hefur verið fram í málinu utanréttarvottorð fjórtán manna úr þeim hópi, er við þjálfun var í Sviss, svohljóðandi:

„Um mánaðamótin febrúar-marz 1968 tilkynnti dr. Aeschbach Íslendingum, að ætlazt væri til þess, að flestir þeirra ynnu vaktavinnu í verksmiðju Alu-Sviss í Steg. Sú vinna skyldi vera á þrískiptum vöktum, eins og tíðkanlegt var um aðra starfsmenn.

Þetta kom Íslendingum á óvart, þar eð ekkert hafði verið um þetta talað, áður en lagt var af stað til Sviss, og ekkert tekið fram um hærri laun þess vegna. Launin voru ekki hærri en meðal verkamannalaun þar um slóðir í Sviss, að því er spurnir voru af hafðar. Mönnum varð órótt við þessi tíðindi. Leizt verksmiðjustjóranum þá, að því er virtist, ekki á blikuna. Hann tók af skarið og gaf Íslendingunum 5 mínútna umhugsunarfrest til þess að svara því, hvort þeir vildu ganga að þessum skilmálum eða ekki. Voru orð hans eitthvað á þá leið, að vildu Íslendingarnir það ekki, þá vissi hann ekki, hvað um Íslendingana yrði. Enginn Íslendingur hreyfði á mótmælum, enda höfðu margir þá gert ráðstafanir um utanför fjölskyldu sinnar, tryggt sér húsnaði, keypt bifreið í Sviss o. s. frv., eftir því sem fjárhagur þeirra leyfði. Um þetta var verksmiðjustjóranum fullkunnugt, enda hafði hann aðstoðað menn til að útvega sér nauðsynleg dvalarleyfi handa fjölskyldu þeirra og samþykkt, að þeir gætu notað farmiða sína handa fjölskyldum sínum o. s. frv. Sama aðferð var notuð til að fá Íslendingana til að sætta sig við lengingu vinnuvikunnar úr 44 klst. upp í 48 klst.“.

Af stefnanda hálfu er fram tekið, að þá misneytingu að nýta þá minnimáttaraðstöðu, sem Íslendingarnir voru í, til að knýja þá til að takast á hendur miklu meiri vinnuskyldur en þeir höfðu undirgengizt í samningunum haustið 1967 beri að leggja til grundvallar þeirri kaupkröfu, sem gerð er sem ein af mörgum málsástæðum, þótt ekki sé á grundvelli hennar farið fram á, að laun þau, sem krafizt er frá upphafi, hækki að sama skapi.

Stefnandi heldur áfram:

„6) Í sjötta lagi beitti ÍSAL einnig misneytingu, þegar það neyddi stjórn Verkstjórafélags Reykjavíkur til að láta Ólaf víkja úr félaginu, þannig að hann var utan allra stéttarféлага. Það var með öllu óheimilt ÍSAL að beita meirimáttaraðstöðu sinni þannig til að áskilja sér lægri kaupgreiðslur til umbjóðanda míns“.

Málavöxtum varðandi þetta atriði er svo lýst af stefnanda hálfu:

„Eftir heimkomuna var gerður samningur milli Íslenska Álfélagsins og Verkstjórafélags Reykjavíkur um launakjör verkstjóra, er starfa í álverksmiðjunni í Straumsvík. Ólafur áleit tilfærslu hans milli starfa vera til bráðabirgða og hugðist sem félagar hans ganga í Verkstjórafélag Reykjavíkur með tilskyldum réttindum, og var hann skráður á félagaskrá. En þá gerist það, að fyrirsvarsmenn Íslenska Álfélagsins neita að viðurkenna hann sem félagsmann, og var hann felldur út af félagaskránni, en greiðir þó enn í lífeyrissjóð félagsins. Ekkert verkalýðsfélag hefur því samið við Íslenska Álfélagið fyrir hönd Ólafs, en Íslenska Álfélagið hefur eftir sínu eigin starfsmati ákveðið Ólafi laun“.

Frammi liggur í málinu bréf Verkstjórafélags Reykjavíkur og Verkstjórasambands Íslands til lögmanns stefnanda, dags. 2. júlí 1970, svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar vill Verkstjórafélag Reykjavíkur og Verkstjórasamband Íslands upplýsa eftirfarandi:

Í febrúar 1969 kom Ólafur Gunnarsson, Hávegi 11, Kópavogi, þá starfsmaður „Ísals“ til Verkstjórafélagsins með inntökubeiðni, sem undirrituð var af starfsmannastjóra þess fyrirtækis.

Form þessara inntökubeiðna, sem gefnar eru út af Verkstjórasambandinu, gerir ráð fyrir undirskrift forsvarsmanns fyrirtækisins til staðfestingar því, að umsækjandi sé starfandi verkstjóri, og eig því rétt til veru í samtökum verkstjóra.

Nokkru síðar, þegar viðræður hófust við „Ísal“ um kaup og kjör verkstjóra, kom í ljós, að fyrrnefndum Ólafi Gunnarssyni var ekki ætlað að starfa sem verkstjóri hjá „Ísal“, að minnsta kosti ekki fyrsta kastið, og jafnframt var því lýst yfir, að undirskrift starfsmannastjórans væri ekki bindandi fyrir fyrirtækið, þar sem aðeins þrír menn hefðu umboð til þess að undirrita skuldbindingar fyrir fyrirtækið og hann væri ekki einn þeirra“.

Enn rekur stefnandi málsástæður sínar:

„7) Í sjöunda lagi verður það og að teljast löglaut, þegar ÍSAL vitnar til starfsmats, eins og landslög séu, þegar það á í skiptum við umbjóðanda minn. Samningar stéttarféлага við atvinnurekendur binda aðeins þá, sem um slíkt semja, þeir, sem ekki eru í stéttarfélagunum, verða því alls ekki bundnir af slíkum samningum.

8) Í áttunda lagi styðst krafa umbjóðanda míns við þau

mannorðsspjöll, sem hann verður fyrir vegna framkomu ÍSALS gagnvart honum, með því að hann fékk ekki þá stöðu, sem hann var ráðinn í.

9) Í níunda lagi styðst krafa umbjóðanda míns við þau meidirði, sem um hann eru höfð á dskj. nr. 16, hvað snertir hæfni hans til starfa.

10) Í tíunda lagi styðjast kröfur hans við þann drátt, sem hefur orðið á skaðabótageiðslum, frá því að þær féllu í gjalddaga. Verður í því efni að ætla, að íslenskur réttur geymi sömu reglur og danskur og norskur réttur, að dragist greiðsla fram yfir gjalddaga, þá megi krefjast skaðabóta vegna þess tjóns, sem beðið er, sakir rýrnandi kaupmáttar peninga eftir gjalddaga.

11) Í ellefta lagi styðjast kröfur umbjóðanda míns við þá stórkostlegu röskun á stöðu og högum, sem hann hefur orðið fyrir vegna samningagerðarinnar við ÍSAL haustið 1967“.

Þá hefur umboðsmaður stefnanda í málflutningi lagt á það áherzlu, að krafa umbjóðanda síns sé ekki venjuleg launakrafa, heldur skaðabótakrafa, byggð á culpa, en það hafi verið gáleysi af stefnda að ákveða í upphafi þrískiptar vaktir í álverksmiðjunni, en ekki tvískiptar. Þetta gáleysi hafi leitt til fækkunar vaktstjóra og á þessu gáleysi verði stefndi að bera ábyrgð gagnvart stefnanda.

Stefndi hefur í máli þessu krafizt algerrar sýknu, andmælt málsástæðum og málalíbúnaði stefnanda og reifað ýmsar málsástæður kröfu sinni til stuðnings.

Í greinargerð stefnda segir m. a. um kröfur stefnanda:

- „I. 1) Launakrafa fyrir tímabilið frá 1. september 1967 til 1. janúar 1969, þ. e. meðan stefnandi var við þjálfunarstörf í Sviss, kr. 336.000.00, og
- 2) launakrafa fyrir tímabilið frá 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970, þ. e. þann tíma, sem stefnandi starfaði við álverið í Straumsvík, kr. 135.000.00.

Þessar kröfur, og raunar kröfurnar undir II. 1) og 2), eru studdar þeim rökum, að stefnandi hafi verið ráðinn sem verkstjóri hjá ÍSAL. Þar sem félagið hafi ekki fullnægt þessum ráðningarkjörum, er krafizt fullra efnabóta, þ. e. fullra verkstjórallauna frá og með 1. september 1967 til 1. apríl 1970.

1) Bréf ÍSALS, dags. 16. ágúst 1967, sem samþykkt er í öllum greinum af stefnanda sjálfum með undirskrift hans og gildir því sem samningur milli aðilja, hefir að geyma þessi aðalatriði:

- 1) Stefnanda er gefið fyrirheit um ráðningu sem verkstjóri við Álverksmiðjuna í Straumsvík.
- 2) Mánaðarlaun, meðan þjálfun færi fram í Sviss, voru ákveðin 12 þús. krónur, sem greidd yrðu á Íslandi, og 600 SFR., sem greiddir yrðu í Sviss.
- 3) Eftir heimkomuna til Íslands að lokinni þjálfun var gert ráð fyrir, að árslaun stefnanda yrðu 235 þús. krónur.
- 4) Eftir 1. nóv. 1967 var gagnkvæmur uppsagnarfrestur ákveðinn 3 mánuðir. Þetta uppsagnarákvæði er með öllu fortakslaust.

Þessi ráðningarkjör voru nákvæmlega samhljóða ráðningarkjörum allra starfsmanna í kerskála og steypuskála, þeirra, er fóru til Sviss til þjálfunar. Öllum þessum starfsmönnum, án nokkurra undantekninga, voru gefnar fullar upplýsingar um hina fyrirhuguðu þjálfun í Sviss svo og um störf þau, er þeir tækju að sér við álverið í Straumsvík að lokinni þjálfun.

Er það staðreynd, sem hvergi hefir verið mótmælt, að öllum starfsmönnum, og þ. á m. stefnanda, voru greidd hin umsömdu laun og meira en það og að þeir nutu betri kjara í Sviss en þeim hafði verið heitið. Af þessu leiðir, að ekki ber neina nauðsyn til þess að ræða kröfur stefnanda um aukin laun, meðan hann var í Sviss. Þau eru öll greidd að fullu. Þarf ekki að eyða að því orðum, að verkstjóra laun í Sviss koma alls ekki til greina. Meðan á þjálfun stóð, var enginn Íslendingur sem verkstjóri og þar af leiðandi engin verkstjóra laun.

2) Launakrafa stefnanda eftir heimkomuna frá Sviss, þ. e. tímabilið 1. nóv. 1969—1. apríl 1970.

Upphafsaðkvæði í bréfi umb. m. til stefnanda, dags. 16. ágúst 1967 (sem samkvæmt framansögðu er samningur aðilja), hljóðar svo:

„Með tilvísun til umsóknar yðar og fyrri viðtala erum vér reiðubúinir að ráða yður til starfa sem verkstjóra við Álverksmiðjuna í Straumsvík, svo framarlega sem lækniskoðun reynist vera jákvæð“.

Ég vek athygli á því, að í þessu bréfi segir það eitt, að umbj. m. sé reiðubúinn til að ráða stefnanda til starfa sem verkstjóra við Álverksmiðjuna í Straumsvík. Hygg ég, að skoða beri hið tilvitnaða upphafsákvæði í bréfi umbj. m. 16. ágúst 1967 aðeins sem fyrirheit um ráðningu stefnanda sem verkstjóra, fyrirheit, sem háð væri því skilyrði, að hann reyndist hafa hæfileika sem verkstjóri, er á reyndi, við álverið. Annað var í raun réttir

óhugsandi. Það er sem sé kunnara en frá þurfi að segja, að maður getur reynzt góður eða sæmilegur starfsmaður, þótt hann hafi enga hæfileika til að stjórna mönnum, svo sem verkstjórar verða að sjálfsgöðu að gera. Hvað sem þessu líður, þá kemur það fram á rskj. 11 og 12, að stefnandi hefir aldrei verið skoðaður sem verkstjóri hjá umbj. m. Er afdráttarlaust tekið fram í skýrslu umbj. m., að stefnanda var tilkynnt í október 1968, er hann var við þjálfunarstörf í Sviss, að ekki væri þörf fyrir hann sem verkstjóra, og var honum jafnframt gefinn kostur á öðru starfi, þ. e. starfi við gæðaeftirlit. Stefnandi viðurkennir að hafa fengið skriflega tilkynningu um þetta, áður en hann fór heim, sjá stefnu, greinargerð og bréfið á rskj. 3, og viðurkennir jafnframt, að hafa fallizt á að taka við hinu framboðna starfi. Hreyfði stefnandi engum andmælum fyrr en seint og síðar meir, eða síðari hluta ársins 1969. Í þessu efni vil ég taka fram, að það er algjörlega heimildarlaust hjá háttvirtum sækjanda að leggja nokkuð upp úr hinum vinsamlegu bréfum, er umbj. m. sendi stefnanda, og jólagjöfum þeim, er honum áskotnuðust. Sú staðreynd stendur sem sé óhögguð, að stefnandi sætti sig við að taka við öðru starfi en verkstjórarstarfi eftir heimkomuna til Íslands. Er það staðreynd, að stefnanda voru í forföllum annarra falin vaktstjórastörf í steypuskála tvívegis á árinu 1969, þ. e. 17.—31/5 og 27/6—21/7. Er þessu nánar lýst í skýrslu umbj. m. á rskj. 16. Er þar tekið fram, að yfirmenn stefnanda hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að stefnandi hefði ekki þá hæfni, sem þyrfti til að gegna þessu starfi, sem að sjálfsgöðu fylgir mikil ábyrgð gagnvart starfsmönnum og búnaði. Af þeim sökum taldi umbj. m., að ekki kæmi til mála að ráða stefnanda í vaktstjórarstarf. Þarf ekki að eyða að því orðum, að það var bein skylda umbj. m. að gæta þess vandlega, að mönnum yrðu ekki fengin ábyrgðarstörf í hendur, svo sem verkstjóra- eða vaktstjórastörf, nema því aðeins, að þeir væru til þess hæfir.

Spurningin, sem svara þarf þá, er aðeins þessi: Hvaða launakjör átti stefnandi að bera úr bítum, frá því er hann hóf störf í álverinu í ársbyrjun 1969 og þar til hann lauk störfum að undan-genginni uppsögn 1. apríl 1970?

Ég tel, að svarið liggir ljóst fyrir. Í ráðningarbrefinu frá 16. ágúst 1967 er áætlað, að árslaun stefnanda verði 235 þús. krónur. Þar sem stefnandi hefir fengið þessa fjárhæð greidda og mun meira, virðist liggja í augum uppi, að hann eigi enga fjárkröfu á hendur umbj. m. Umbj. m. hefir sem sé aldrei skuldbundið

sig til að greiða öllum verkstjórum eða vaktstjórum sama kaup, og stefnandi lofaði hann alls ekki hærri fjárhæð en kr. 235.000.00 á ári.

Jafnvel þótt fallizt væri á, að stefnandi ætti rétt á meðalkaupi verkstjóra eða vaktstjóra, sem þó er afdráttarlaust neitað, gæti stefnandi aldrei átt hærri fjárkröfu á hendur umbj. m. en ca. kr. 40.000.00.

Ég tel mig hér að framan hafa leitt að því fullkomin rök, að stefnandi eigi ekki neina fjárkröfu um laun á hendur umbj. m. Með þessu er þá um leið sýnt, að enginn grundvöllur er fyrir þeim fébótakröfum, sem stefnandi gerir, sem nema samtals kr. 650 þús. . . .

1) Fébótakrafa fyrir röskun á stöðu og högum, kr. 300.000.00.

Þessa kröfu rökstyður stefnandi á þann hátt, að hann hafi sagt upp góðri stöðu, sem hann hafi haft sem sendibílstjóri. Hann hafi síðan selt bifreið sína, en svo óheppilega hafi tekizt til, að kaupandi hafi ekki staðið í skilum með greiðslu kaupverðsins, og krefst stefnandi af þessum sökum báðum 300 þús. króna greiðslu úr hendi umbj. m. Um Þennan kröfulið þarf að sjálf-sögðu ekki að ræða, hann er sem sé umbj. m. óviðkomandi með öllu. En úr því að stefnandi ber þessa fjarstæðukenndu kröfu fram, verð ég að beina þeirri áskorun til háttvirts sækjanda, að lögð verði fram skattframtöl stefnanda, er sýni tekjur hans sem sendibílstjóra, áður en hann réðst til umbj. m. Þá verður að sjálf-sögðu að leggja fram sölusamning um bifreiðina og gefa tæmandi skýrslur.

Kröfuliðnum er mótmælt sem hreinni og beinni fjarstæðu og umbj. m. með öllu óviðkomandi.

2) Fébótakröfur fyrir mannorðsspjöll, þjáningar og annan miska, kr. 350.000.00.

Þessi kröfuliður er studdur þeim rökum, að stefnandi verði óumflýjanlega fyrir miklum mannorðsspjöllum vegna þess, að hann hafi ekki fengið verkstjórastöðu í álverinu í Straumsvík. Þessi kröfuliður á að sjálf-sögðu enga stoð í veruleikanum. Stefnandi var ráðinn með 3ja mánaða uppsagnarfresti og honum sagt upp með þessum löglega fresti. Er ekki vitað til þess, að nokkur starfsmaður geti gert fébótakröfu á hendur atvinnurekanda vegna þess, að löglegri uppsögn er beitt.

Í sóknargögnum málsins er að finna ummæli þess efnis, að stefnandi hafi á marga lund verið beittur „misneitingu“, meðan hann var í Sviss. Þá er enn fremur vikið að því, að stefnandi sé

ekki bundinn af umsömdum launakjörum vegna gengisfellingar íslenzku krónunnar. Þessu er eindregið og afdráttarlaust mótmælt, og vísast til hinnar rækilegu skýrslu umbj. m. á rskj. 16. Þar er sýnt fram á, að því fer svo fjarri, að stefnandi eða annað starfslíð, sem var til þjálfunar í Sviss, hafi verið beitt órétti, að fríðindi og launakjör öll voru mun betri en samningar áskildu. Vil ég fullyrða, að það hafi mælt mjög vel fyrir hjá öllum hugsandi mönnum, er Álfélagið tókst á hendur að þjálfva á eigin kostnað í Sviss þá starfsmenn, sem gert var ráð fyrir, að tækju við ábyrgðarstöðum í álverinu eftir heimkomu þeirra. Þjálfun starfsmanna mun hafa kostað umbj. m. um 15 milljónir króna, og hygg ég, að slíkt sé einsdæmi hér á landi. Í þessu efni vakti það hreina furðu hjá umbj. m., er hann sá yfirlýsingu ýmissa starfsmanna ÍSALS, sem er að finna á fskj. með rskj. 14. Sé ég ekki ástæðu til þess að mótmæla yfirlýsingu þessara manna sem óstaðfestri, en henni er mótmælt sem alrangri og villandi. Hefi ég og ástæðu til að ætla, að þessir starfsmenn hafi ekki gert sér grein fyrir, hverju þeir voru að lýsa yfir . . .“.

Það er álit réttarins, að með bréfum stefnda frá 16. ágúst 1967 og 24. sama mánaðar hafi stofnast bindandi samningur aðiljanna um ráðningu stefnanda sem verkstjóra hjá stefnda. Samkvæmt þeim samningi skyldi stefnandi fyrst starfa erlendis tiltekið tímabil og þiggja fyrir tiltekin laun, sem greind eru í ráðningarbréfinu. Það er viðurkennt af stefnanda, að hann fékk á þessu tímabili þau laun, er um var samið, og ósannað telst, að um annars konar vanefndir af stefnda hálfu á samningi aðiljanna hafi verið að ræða á þessu tímabili. Eftir heimkomuna var stefnandi settur til að gegna öðru starfi en upphaflega var samið um.

Stefnandi hefur viðurkennt að hafa í nóvember 1968 fengið frá stefnda tilkynningu, sem hljóðar svo í ómótmæltri þýðingu lögmanns hans:

„Í málmsteypunni verður í Straumsvík unnið á tveimur vöktum. Í þessu felst, að tveir vaktstjórar fara til annarra starfa. Það varðar hr. Ólaf Gunnarsson, gæðaeftirlitsmann, Sigurð Sigurðsson . . .“.

Það er ósannað, að stefnanda hafi í þessu sambandi verið gerð grein fyrir því, að þessi tilfærsla mundi þýða launalækkun eða hann mætti ætla, að svo yrði.

Verður því mótmælaskortur hans við þessari ákvörðun ekki talinn firra hann rétti til að krefjast launa samkvæmt fyrri samningi.

Þegar stefnandi hóf störf í álverksmiðjunni, kom brátt í ljós, að hann fékk fyrir starf sitt lægri laun en verkstjórar. Fór hann fram á leiðréttingu og ritaði loks stefnda bréf, dags. 23. september 1969. Því bréfi var ekki svarað fyrr en 26. nóvember 1969, en þá hafði stefnandi ítrekað fyrra bréf sitt með bréfi, dags. 18. nóvember 1969. Á þessu tímabili hafði það gerzt, að stefnanda höfðu tvívegis verið falin vaktstjórastörf, þ. e. frá 17. maí 1969 til 31. sama mánaðar og aftur frá 27. júní til 21. júlí sama ár, og stefnandi hlotið tímabundna launahækkun um nokkuð lengri tíma en hann gegndi verkstjórastarfi. Enn fremur hafði starfsmannastjóri stefnda áritað til samþykkis inntökubeiðni stefnanda í verkstjórafélag.

Þegar þetta er athugað, verður að líta svo á, að stefnanda hafi fyrst með bréfi stefnda hinn 26. nóvember 1969 verið gerð nægilega grein fyrir þeirri ákvörðun stefnda að ráða hann ekki til verkstjórastarfs. Fram til þess tíma og þrem mánuðum betur þykir stefnandi eiga rétt á verkstjórالاunum. Þó þykir eðlilegt að miða þetta tímamark ekki við 26. nóvember heldur 30. sama mánaðar, en í umræddu bréfi er stefnanda gefinn frestur til þess dags að samþykkja þá skipan á störfum hans, sem orðin var.

Þannig á stefnandi rétt á verkstjórالاunum úr hendi stefnda fram til febrúarloka 1970.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, svo á verði byggt, hver laun hans samkvæmt samningum þeim, er ráð var fyrir gert í ráðningarbrefi hans frá 16. ágúst 1967, hefðu orðið, ef hann hefði gegnt verkstjórastarfi það tímabil, er hann starfaði í fyrirtæki stefnda í Straumsvík.

Hins vegar hefur stefndi lagt fram sundurliðaðan launasamanburð, þar sem talið er, að laun stefnanda hafi samtals verið kr. 40.128.00 lægri en verkstjórالاun, þar af er launamismunur í marz 1970 kr. 3.453.00.

Þar sem þessari launasundurliðun hefur ekki verið hnekkt með viðhlítandi gögnum, þykir eftir atvikum rétt að leggja hana til grundvallar og tildæma stefnanda þá fjárhæð sem vangoldin laun, þó þannig, að tildæmd fjárhæð ákveðst kr. 40.000.00, og er þá miðað við verkstjórakauþ fram til 1. marz 1970.

Í ráðningarsamningi stefnanda er fyrirvaralaust ákvæði um gagnkvæman þriggja mánaða uppsagnarfrest.

Stefnanda hlaut því að vera ljóst, þegar er ráðningarsamningur var gerður, að hann kynni hvenær sem væri og án sérstakra tilgreindra ástæðna að þurfa að hverfa frá starfi sínu hjá

stefnda með þriggja mánaða fyrirvara. Að þessu leyti tók hann á sig á eigin ábyrgð þá áhættu, röskun og fjártjón, sem hann telur hafa fylgt því að hverfa frá fyrra starfi og halda utan til náms og þjálfunar.

Að þessu athuguðu og þar sem stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á frekari viðhlítandi bótagrundvöll ber að öðru leyti að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Málskostnaður milli aðilja fellur niður, en laun lögmanns stefnanda, kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Uppsaga dóms þessa hefur dregizt sakir anna við embættið.

Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzka Álfélagið h/f, greiði stefnanda, Ólafi Gunnarssyni, kr. 40.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. marz 1970 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaður fellur niður, en laun lögmanns stefnanda, Sigurðar Gizurarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Föstudaginn 26. marz 1971.

Nr. 202/1970. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Hrafnistu, Dvalarheimili aldraðra sjómanna

(Birgir Ísleifur Gunnarsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Sævarr.

Söluskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. október